

Nefndasvið Alþingis,  
Fjárlaganefnd og allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 12. apríl 2021

## **Efni: Umsögn félagsins Femínisk fjármál um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2022 – 2026, 627. mál, 151. löggjafarþings 2020-2021.**

Félagið Femínisk fjármál fagnar því sem fram kemur í fjármálaáætlun að stjórnvöld hafi ákveðið að gefa út leiðarvísi þar sem kortlögð eru kynja- og jafnréttissjónarmið sem hafa þarf í huga við ákvarðanir um afkomubætandi aðgerðir og viðbrögð við efnahagsþrengingum. Jafnframt fagnar félagið því að verið sé að þróa verklag til að tryggja að tekið sé mið af kynjasjónarmiðum við mótun stefnu og aðgerða og að upplýsingar um áhrif ákvarðana á jafnrétti kynjanna liggi ávallt fyrir við ákvarðanatöku. Félagið brýnir stjórnvöld til að ljúka gerð við leiðarvísinn og verklagið sem fyrst en kynjaslagsíða hefur hingað til, líkt og fram hefur komið í greiningum félagsins, verið mikil í aðgerðum stjórnvalda til að bregðast við áhrifum heimsfaraldurs Covid-19. Til að geta tekist á við þær áskoranir sem eru framundan í ríkisfjármálum þarf að gera betur til að aðgerðir yti ekki undir ójöfnuð, heldur taki tillit til margbreytileikans og mismunandi stöðu fólks í íslensku samfélagi og stuðli að jafnrétti og réttlæti.

Fjármálaáætlunin ber þess merki að vera sett fram í miðri COVID-kreppu. Í umfjöllun í fyrsta kafla áætlunarinnar kemur fram að stjórnvöld hafi verið meðvituð um að efnahagsleg áföll COVID-faraldursins myndu leggjast með afar misjöfnum hætti á ólíka þjóðfélagshópa. Þrátt fyrir meðvitund um þetta og yfirlýstan vilja skv. áætluninni, um að sérsníða aðgerðir að þeim sem hafi orðið verst úti, er ljóst að það verður að gera betur þegar kemur að því að grípa öll þau sem hafa upplifað að faraldurinn kippir undan þeim fótunum og stemma stigu við auknum ójöfnuði. Þegar talað er um að kaupmáttur heimilanna hafi aukist síðasta ár er brýnt að hafa það í huga að hér er um að ræða heimili milli- og efri stéttar. Heimili lágtekjufólks njóta síður ýmissa aðgerða stjórnvalda. Þótt aðgerðir eins og hlutabótaleiðin og laun í sóttkví séu mikilvæg fyrir þau eins og aðra, þá nýtast aðrar leiðir eins og úttekt séreignarspamaðar og þjónustukaup í gegnum *Allir vinna* átakið þeim miklu síður vegna efnahagslegrar stöðu þeirra. Aftur á móti fá milli- og efri stéttar heimili auka stuðning sem er í ljósi ágætrar stöðu þeirra takmörkuð þörf fyrir, eins og barnabótaauka og ferðagjöf. Á meðan að það er skiljanlegt að vilji sé til að örva hagkerfið, er sjálfsögð krafa að aðgerðum sé forgangsraðað þannig að þær stuðli að jafnrétti og jöfnuði. Þá hefur félagið lýst yfir áhyggjum af því að tryggingargjaldið muni, í kjölfar þess afsláttar sem hefur verið gefinn á því, trauðla geta staðið undir fjármögnun

lífeyris- og slysatrygginga, atvinnuleysisbóta og fæðingarorlofs. Mikilvægt er að horfa til sanngjarnar tekjuöflunar til framtíðar í gegnum tryggingargjaldið því að neikvæð áhrif á framangreindar greiðslur hefðu í för með sér gífurleg jafnréttisáhrif. Félagið varar sérstaklega við aðgerðum sem gætu haft slík áhrif, hvort sem þær væru kallaðar afkomubætandi ráðstafanir eða annað.

Félagið vill einnig benda á að verulega skortir upp á varðandi að kynja- og jafnréttissjónarmið séu tengd við stefnumörkun málefnasviðanna til næstu fimm ára. Það er gagnrýniverð að stjórnvöld hafi þekkingu á ójafni stöðu kynjanna og þeim kynjasjónarmiðum sem hafa áhrif á flestum málefnasviðum ríkisins (sjá stöðuskýrslu um kortlagningu kynjasjónarmiða 2021) en bregðist ekki við því í stefnumótun sinni. Ef stjórnvöldum er alvara um að vinna að jafnrétti kynjanna, þá er fjármálaáætlun talin vera eitt skilvirkasta verkfærið til að ná árangri. Félagið hvetur stjórnvöld til að sýna þann metnað að beita því verkfæri á enn markvissari hátt.

Virðingarfyllst f.h. félagsins Femínísk fjármál,  
Finnborg S. Steinþórsdóttir  
Sigríður Finnbogadóttir  
Steinunn Bragadóttir  
Steinunn Rögnvaldsdóttir